

Nd.

785. Frumvarp til laga

[205. mál]

um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, báta og búnaðarvélar.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Drættir í þessu happdrætti skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega.

3. gr.

Heimild þessi gildir í 10 ár frá því, að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir við dvalarheimili aldraðra sjómanna.

4. gr.

Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla.

5. gr.

Ráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á nýafstöðnum aðalfundi fulltrúaráðs sjómannadagsins var samþykkt að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún beitti sér fyrir því, að dvalarheimilí aldraðra sjómanna yrði heimilað að stofna happdrætti til að afla tekna til að standa straum af kostnaði við byggingarframkvæmdir við dvalarheimili aldraðra sjómanna. Happdrætti þetta verði um bifreiðar, báta og búvélar, og skal dregið mánaðarlega.

Til viðbótar við framanskráð vill fulltrúaráð sjómannadagsins taka fram eftirfarandi:

Þar sem ráðið sér fram á, að framkvæmdir við byggingu dvalarheimilisins muni stöðvast fáist ekki leyfi til að stofna til fasts tekjustofns sem þessa, skorar fulltrúaráð sjómannadagsins á hið háa Alþingi að samþykkja þessi lög.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að verða við beiðni fulltrúaráðs sjómannadagsins og leggja þetta lagafrumvarp fyrir Alþingi.